

49. fundur Fasteignafélags Akraneskaupstaðar, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 9. desember 2024 og hófst hann kl. 21:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður og Steinar Dagur Adólfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adólfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2411022 - Lán - langtímafjármögnun útboð

Unnið hefur verið í langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar á árinu 2024. Bæjarráð hefur fjallað um málið og samþykkt á fundi sínum þann 5. desember 2024 fyrirbyggjandi tillögu um val á tilboði um langtímafjármögnun sbr. nánari skýringu í trúnaðarbók.

Stjórn Fasteignafélagsins slf. samþykkir að taka tilboði Íslandsbanka hf. dags. 28. nóvember 2024, um óverðtryggt lán að fjárhæð 3,5 milljarðar króna sem og verðtryggt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1,0 milljarður króna. Samtals er því alls um 4,5 milljarða króna lántöku að ræða, skv. fyrirbyggjandi skilmálum lánasamninganna og fundarmenn hafa kynnt sér. Lántaka er tilkomin vegna fjármögnunar á lögbundnum fjárfestinga- og framkvæmdaverkefnum sveitarfélagsins svo sem byggingu nýs íþróttahúss á Jaðarsbökkum, nýs leikskóla og viðbyggingar og meiriháttar viðhald í grunnskólum og öðrum slíkum innviðum sveitarfélagsins.

Samþykkt 3:0

Stjórn Fasteignafélagsins slf. vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.

Anna Sólveig Smáradóttir
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir
Steinar Adólfsson